

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Sigurður Már Einarsson

Gönguseiðagildra við Helgavatntjörn  
í Vatnsdal

Reykjavík  
október 1982

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

Veiðimálastofnunin,  
Sigurður Már Einarsson,  
október 1982.

## GÖNGUSEIÐAGILDRA VIÐ HELGAVATNSTJÖRN Í VATNSDAL

### I. Inngangur.

Undanfarin ár hefur 1000-2000 sumaröldum laxaseiðum verið sleppt árlega í Helgavatnstjörn í Vatnsdal. Markmið þessara sleppinga var að kanna uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði í tjörninni, þ.e. að athuga hvort tjörnin gæti alið laxaseiði upp í göngustærð. Til þess að athuga árangurinn af þessum sleppingum var gönguseiðagildru komið fyrir skammt neðan við útfallið úr tjörninni. Veiðimálastofnun bárust nú í haust þau seiði sem veiddust í gildruna sumarið 1982, en hún var starfrækt frá 1. júní til 18. júlí og sáu bændur um eftirlit með gildrunni. Hér fara á eftir þær niðurstöður sem fengust við rannsókn á seiðunum.

### II. Niðurstöður og ályktanir.

Helstu niðurstöður koma fram í töflum 1-3. Í stuttu máli kom í ljós að seiðin sem veiddust voru nær eingöngu bleikja og urriði. Að auki fengust nokkur hornsíli, en engin laxaseiði voru á meðal þessara seiða. Alls fengust 12 bleikjur, 7 urriðar og 5 hornsíli. Bleikjan og urriðinn sem veiddust var mest á bilinu 10-20 cm að lengd og flest seiðin voru tveggja ára að aldri. Gera má ráð fyrir að a.m.k. sum þessara seiða hafi verið á leið til sjávar t.d. voru 2 urriðanna silfurlitaðir. Vöxtur á urriðanum og bleikjunni var mjög þokkalegur, sem bendir til að þessar tegundir þrífist ágætlega í tjörninni (tafla 2 og 3).

Varðandi árangurinn af sleppingu laxaseiðanna í tjörnina verður að telja hann neikvæðan, þ.e. niðurstöðurnar benda til að tjörnin henti ekki vel til uppeldis á laxaseiðum. Ekki er gott að segja hvað veldur, enda eru rannsóknir á uppeldi laxaseiða í vötnum skammt á veg komnar. Vitað er þó að í vötnum finnast laxaseiði nær eingöngu á grjótbotni en á leðju eða sandbotni þrífast laxaseiði ekki. Ekki er mér kunnugt hvernig botngerð Helgavatnstjarnarinnar

er farið. Þá má nefna að ekki er loku fyrir það skotið að gönguseiði hafi farið til sjávar eftir að gildran ver tekin upp. Rannsóknir á göngutíma laxaseiða hafa flestar verið gerðar á suðvesturlandi og hafa þær leitt í ljós að aðal-göngutíminn er júnímánuður. Líklegt er að göngutími sé seinni á ferðina á norðurlandi þar sem hitastig hefur áhrif á silfrun gönguseiða. Niðurstöðurnar benda þó fremur til að sleppingarnar hafi misheppnast. Æskilegt er þó að starfrækja gildruna einnig á næsta ári og þá helst yfir lengra tímabil, ef því verður við komið. Þá er athugandi að leggja smáriðin net í tjörnina og athuga hvort einhver seiði fáist í þau.

Tafla 1. Fjöldi seiða sem veiddust í gildru við Helgavatns-  
tjörn í Vatnsdal á tímabilinu 1/6-18/7 1982.

Dagsetning	Fjöldi seiða		
	Bleikja	Urriði	Hornsíli
17. júní	7		
21. júní	3	1	
25. júní	1		
27. júní		1	5
1. júlí		1	
3. júlí		1	
12. júlí	1		
16. júlí		3	
Samtals	12	7	5

Tafla 2. Útreiknaðar meðallengdir í cm á urriða sem veiddist  
í gildru við Helgavatnstjörn í Vatnsdal á tímabil-  
inu 1. júní til 18. júlí 1982.

Aldur	Árgangur	Fjöldi	$\bar{L}$	$l_1$	$l_2$	$l_3$	$l_4$
2+	1980	4	13,3	4,6	11,0		
3+	1979	1	18,5	4,1	10,0	16,1	
4+	1978	2	21,4	4,3	8,3	12,3	18,0

Tafla 3. Vöxtur á bleikju sem veiddist í gildru við Helga-  
vatnstjörn í Vatnsdal á tímabilinu 1. júní til  
18. júní 1982.

Aldur	Árgangur	Fjöldi	Meðallengd cm
1+	1981	2	8,3
2+	1980	8	13,3
3+	1979	1	14,5